



Alþingi  
Samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

21.2. 2007.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, SVP-Samtök verslunar- og þjónustu og Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið til umsagnar frumvarp til vegalaga, 437. mál.

Frumvarp þetta er í aðalatriðum byggt á tilögum nefndar sem samgönguráðherra skipaði í byrjun árs 2006 og áttu samtökin fulltrúa í nefndinni, sem skilaði tillögu að frumvarpi til nýrra vegalaga til samgönguráðherra.

Samtökin eru ánægð með að lögfest verði í 4. grein frumvarpsins að Vegagerðin skuli við framkvæmd vegamála leitast við að bjóða út alla hönnun, nýbyggingar, viðhald, þjónustu og eftirlit. Telja samtökin þetta ákvæði til fyrirmyndar og falli að framsækinni og nútímalegri framkvæmd vegamála. Samkvæmt 5. grein frumvarpsins verður Vegagerðinni þó heimilt með sérstöku samþykki ráðherra, að stofna til sérstakra félaganna til að sinna núverandi verkefnum stofnunarinnar sem undanfara þess að þau verði öll boðin út. Samtökin líta svo á að hér sé um að ræða þau verkefni sem enn eru unnin innan Vegagerðarinnar eins og t.d. þjónusta og vegaeftirlit.

Það er ástæða til að fagna mörgum nýmælum í frumvarpinu er varða ábyrgð og skyldur Vegagerðarinnar á vegum og mannvirkjum. Þess má sjá stað víða í greinum frumvarpsins og í athugasemdum og er það vel. Þó má spyrja hvort ekki sé ástæða til að segja það berum orðum í 5. gr. að það sé hlutverk Vegagerðarinnar að bera ábyrgð á rekstri þjóðvegakerfisins? Lagt er til að þetta sé sagt berum orðum í greininni. Merkingum og leiðbeiningum til ökumanna hefur víða þótt ábótavant þar sem framkvæmdið standa yfir og því miður stundum leitt til þess að slys hafa orðið. Vegagerðin ber ábyrgð á að gengið sé vel og skilmerkilega frá öllum merkingum og að á meðan framkvæmdir eiga sér stað sé gengið svo vel frá vegum og tengingum inn á hann að fyllsta öryggis sé gætt. Það sama á við um hönnun mannvirkja almennt s.s. frágangi gatnamóta, brúargerðar, hringtorga o.s.frv. Góðar og skýrar merkingar einsleitni og stöðlun umferðarmannvirkja eru mikilvægt öryggisatriði og fyllsta ástæða til að í vegalögum komi skýrt fram að gerðar séu kröfur á Vegagerðina að þessu leyti. Í vegalögum þarf að koma skýrt fram að Vegagerðin hefur það hlutverk að bera ábyrgð á þjóðvegakerfinu og jafnframt að þjóðvegakerfið eigi að þola þá umferð sem á þeim er.

Í 17. grein frumvarpsins er heimilað að leggja á nýjar álögur á umferð með veggjaldi og notkunargjaldi. Samtökin álíta að þessi nýju heimildarákvæði séu undanfari breytinga á álagningu olíugjalds. Samtökin vilja að núverandi olíugjaldi verði breytt eins og þau hafa ítrekað lagt til við Alþingi og fjármálaráðuneyti í umsögnum. Hætt verði innheimtu olíugjalds af akstri þyngri atvinnubifreiða. Í staðin verði greitt notkunar- eða kílómetragjald þessara atvinnubifreiða, td. þyngri en 10 tonn, en gæti allt eins miðast við lægri heildarþyngd.

Nauðsynlegt er að áréttu að samtökin létu bóka í fundargerð þegar nefndin skilaði tillögum til samgönguráðherra að þau stæðu að frumvarpinu með þeim fyrirvara að í því felist ekki samþykki til aukinnar skattheimtu á atvinnulífið í heild. Í samræmi við þennan fyrirvara atvinnurekenda er í almennum athugasemdum um ný gjaldtökuákvæði í frumvarpinu tekið fram: “*Rétt er að leggja áherslu á að hér er ekki á neinn hátt verið að veita veghaldara opna heimild til að leggja gjald á umferð heldur er kveðið á um að ákvörðun um slíka gjaldtöku skuli taka í samgönguáætlun sem háð er samþykki Alþingis hverju sinni. Hér er því eingöngu verið að setja fram almennan ramma um gjaldtökuna sem tekur mið af samsvarandi löggjöf á EES-svæðinu.*”

Samtökin treysta því að þær nútímalegu gjaldtökuheimildir, sem í frumvarpinu felast komi að öllu leyti eða hluta í stað núverandi olíugjalds en verði ekki misnotaðar til að auka enn á skattheimtu á umferð og samgöngur.

Samtökin vilja einnig benda á að við framkvæmd á gjaldtöku af samgöngumannvirkjum er mikilvægt að notendur hafi raunverulegan valkost um aðrar leiðir sem eru án beinnar gjaldtöku. Bent er á að leiðin um Hvalfjörð er valkostur við það að greiða veggjald í gegnum Hvalfjarðargöng. Við gjaldtöku á nýjum Kjalvegi væri ekki hægt að komast í Kerlingarfjöll eða á Hveravelli, sem eru vinsælir ferðamannastaðir, án þess að greiða sérstakt veggjald. Slíkt er að mati samtakanna ekki eðlilegt eða sanngjarnt gagnvart ferðamönnum.

Virðingarfyllst, fh.

Samtaka atvinnulífins

Jón R. Pálsson hrl.

Samtök ferðaþjónustunnar

Þorleifur Þór Jónsson

SVP- Samtök verslunar- og þjónustu

Sigrún Sigurðardóttir

Samtök iðnaðarins

Eyjólfur Bjarnason